

áminnztu flutningsgjaldi 60 aur., eða 17 kr. 40 aura; um greiðslu vaxta er eptir atvikum málsins eigi að ræða.

Það er eigi ástæða til þess, að sekta stefnda fyrir óparfa málsýfingu, og málskostnaður fyrir báðum rjettum virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn, Sigurður Waage, greiði hinum stefnda, Valgarði Breiðfjörð, 17 kr. 40 aura. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 39/1887.

Hið opinbera

gegn

Birni presti Þorlákssyni

D ó m u r :

Með eigin játningu hins kærða, Björns prests Þorlákssonar á Dvergasteini, og öðrum atvikum, er það löglega sannað, að hann 28. dag júnímán. 1885 um kvöldið ljét vinnumenn sína fara í nótt-kví eina, er lá úti fyrir landi hans, skammt undan landi, til þess að reyna að ná síld úr henni með viðjar-körfu, og er það eigi tókst, fór hann sjálfur með öðrum manni um miðnætti út, og drógu þeir fyrir í nótt-kvinni með neti, og náðu með því móti 213 síldum, er hinn kærði notaði að því sjeð verður til beitu, að undan-skildum 50 síldum, er hann seldi öðrum manni fyrir 2 kr. Nótt-kvína áttu þeir O. Wathne, V. T. Thostrup og norskt síldveiðafjelag eitt á Seyðisfirði, og kærðu þeir Björn prest Þor-

láksson fyrir þessa síldartöku, eins og líka fyrir að hann hefði spillt fyrir þeim veiði, með því að aflaga nót-kvína. Var svo mál höfðað gegn kærða, og hann með dómi lög-reglurjettar Norður-Múlasýslu, gengnum 4. maí 1887, dæmdur í 200 kr. sekt til landsjóðs, til að lúka málskostnaði, og til að greiða hlutadeigendum skaðabætur eptir óvilhallra manna mati, þó ekki meira en 400 kr.; svo var hann og dæmdur til að greiða sekt fyrir ósæmilegan rithátt, 20 kr. til fátækra sjóðs og 20 kr. til landsjóðs. — Dómi þessum er að beiðni hins kærða skotið til landsyfirdómsins.

Samkvæmt málhöfðunarskipuninni í málinu er hinum kærða gefið að sök, að hann hafi brotið gegn 11. grein tilskipunar fyrir Ísland um síldar- og upsaveiði með nót, dags. 12. febr. 1872, og kemur því í þessu máli að eins til álita, hvort svo hafi verið.

Eins og áður er tekið fram, er það í málinu sannað, að hinn kærði nóttina milli hins 28. og 29. júníman. 1885 með ádrætti náði 213 síldum úr nót-kví, er lá fyrir hans landi, og hagnýtti sjer þær; en það er ekki gegn neitun hans sannað, að hann hafi fært nót-kvína úr lagi, reynt til að tálma nót-veiði, eða af ásettu ráði skemmt nóttina eða að nokkru leyti spillt veiðinni, og verður því ekki álitid, að hinn kærði hafi brotið gegn ný-nefndri lagagrein; ber því að sýkna hann af kæru hins opinbera í þessu máli. — Í málinu er ekkert það sannað, er skaðabótakrafa verði byggð á, og að því kemur til andvirðis áður um-getinna 213 sílda, er hinn kærði hagnýtti sjer, þá virðist það ekki vera innifalið í skaðabótakröfu hlutadeigenda, og kærði því ekki verða dæmdur í þessu máli til að lúka neinu í því skyni.

Sektir þær, er hinum kærða er gjört að greiða fyrir ósæmilegan rithátt, skulu eptir atvikum ákveðnar 10 kr.,

er renni að helmingi í fátækra sjóð Seyðisfjarðarhrepps, að helmingi í landsjóð.

Svo virðist og eptir atvikum rjett, að hinn kærði greiði allan af máli þessu—frá því það snemma á þessu ári var tekið fyrir aptur — leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Mál þetta er höfðað með fyrstu í hjeraði 9. júlí 1885, og síðan dæmt fyrir undirrjetti þann 24. ágúst f. á. Var svo málinu áfrýjað, og dómur þessi þann 20. des. 1886 af yfirrjettinum dæmdur ómerkur; þar eptir var málið tekið aptur fyrir í hjeraði þann 24. febr. þ. á., og dómur kveðinn upp í því hinn 4. maí s. á.—Þannig hefur talsverður dráttur orðið á málinu af hendi undirdómarans, sem að vísu eru færðar nokkrar ástæður fyrir, en alls eigi sem skyldi, þó að eigi virðist eptir atvikum næg ástæða vera til þess, að láta það varða sektum. — Að öðru leyti vottast, að meðferð málsins í hjeraði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði, Björn prestur Þorláksson, á að vera sýkn af kærum hins opinbera í þessu máli og að því til skaðabóta kemur. Í sekt fyrir ósæmilegan rithátt ber honum að greiða 10 kr., er að helmingi renni í fátækra sjóð Seyðisfjarðarhrepps, en að helmingi í landsjóð. Svo greiði hann og allan kostnað þessa máls — frá því það snemma á þessu ári var tekið fyrir aptur — bæði fyrir undir- og yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til

sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Hannesar Hafsteins og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Hin ídæmda sekt lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 1/1887.

Kaupfjelag Þingeyinga
gegn
Hreppsnefnd Húsavíkurhrepps.

D ó m u r :

Hreppsnefnd Húsavíkur ljet þann 4. febrúarmán. f. á. taka lög taki hjá umboðsmanni kaupfjeldags Þingeyinga sveitar-útsvar fyrir fardaga-árin 18⁸⁴/₈₅ og 18⁸⁵/₈₆ að upp-hæð 138 kr. auk kostnaðar. Hlutadeigendur höfðuðu þar á eptir mál gegn hreppsnefnd Húsavíkur fyrir lög-tak þetta til endurgjalds á því lögtekna ásamt kostnaði, en við aukarjett Þingeyjarsýslu var þann 4. nóvemberm. 1886 dæmt, að málinu skyldi vísað frá rjetti, og sækj-andinn, Jón Sigurðsson á Gautlöndum, sem umboðs-maður kaupfjeldags Þingeyinga, skyldi greiða Þorbergi hreppsnefndaroddvita Þórarinssyni sem kost og tæringu 20 kr.

Máli þessu hefur nú kaupfjelag Þingeyinga áfrýjað og krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði dæmdur ómerkur og málinu vísað heim til dóms-áleggingar að efninu til, samt að hinn stefndi greiði málskostnað.

Hreppsnefnd Húsavíkur, sem er stefnd, hefur þar á móti krafizt þess, að hjeraðsdómurinn verði staðfestur, og málskostnaður greiddur af hinum stefnda.